

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Svínavatnshrepps 1992-2012, Hveravellir.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 6. mars 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Svínavatnshrepps 1992-2012 frá 2. nóvember 1993.

Breytingin varðar kafla 10.0 og 10.1 í greinargerð með aðalskipulagi Svínavatnshrepps 1992-2012. Kafli 10.1 Hveravellir fellur út og í stað hans kemur nýr texti. Í kafla 10.0 fellur út 6. málsl. í 1. mgr.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Svínavatnshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisstofnun, 6. mars 2001.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*